

SPÓI

Spói er stór vaðfugl, með háar lappir og langan boginn gogg sem hann nýtir til að ná sér í fæðu eins og skordýr, köngulær, snigla, orma, krabbadýr og síðsumars ber, jafnt á yfirborði sem og í mjúkum leir.

Á flugi þekkist hann á hröðum vængjatökum en oft sést hann á fuglapáfum þar sem hann vellir. Það er söngur spóans og eitt af einkennishljóðum sumarsins á Íslandi.

Spóinn er algengur um allt láglendi og verpur bæði á þurru og blautu landi. Spóinn er farfugl og vetrarstöðvar hans eru í Vestur-Afríku. Um 40% af spóum heimsins verpa á Íslandi og við berum því mikla ábyrgð á spóastofninum sem verpur annars víða umhverfis Norður-Íshafið.

